

## 81. Stjórnarfundur Fenúr.

27. október 2005

**Mætt:**

Elías Ólafsson

Björn Halldórsson

Ragna Halldórsdóttir

Guðmundur Tr. Ólafsson

**Staður og stund;** Súðarvogur, kl. 15:00

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð nr. 80 samþykkt.

### 2. Haustferð Fenús til Bretlands

Ragna setur upp næsta fréttabréf Fenús sem verður tileinkað haustferðinni, auk kynningu á málþingi úrvinnslusjóðs.

### 3. Bréf frá umhverfisráðherra vegna aðalfundar ISWA.

Í bréfi frá umhverfisráðuneytinu frá 30. september kemur fram að ráðuneytið styrkir ferð formanns á aðalfund ISWA um 100 þúsund krónur. Fenúr þakkar styrkinn.

### 4. Önnur mál.

Fenúr merki. Fram hefur komið ósk um að fá að litartengja fenúrmerkin. Hugmyndin rædd en ekki talin ástæða til að breyta merkjunum að svo stöddu. Fjöldi merkja og fjöldi grunnlita fer ekki saman.

Stöðlun litavals á sorptunnur rædd, stefnt að undirbúningi tillagna fyrir næsta fund.

Elías lagði til að Fenúr stæði fyrir umræðu um evrópsku úrgangstegunda skrána.

Formaður mun boða til næsta fundar eftir aðalfund ISWA.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:15

Fundargerð ritaði  
...gto